# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1918-1921, 5. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þjóðvinafélagið

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-11, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bægisá Flatey 22 jan 1919

Heiðraði herra

Þökk fyrir ársbækur þjóðvina fjelagsins meðtekna með síðustu póst og sendi jeg yður nú á gjaldið kr 2.00 og auk þess sendi jeg Kr. 5.00 sem jeg ætlast til að sé andvirði fyrir 6.–13. hefti af Dýravininum. sem jeg bið yður að senda mér sem fyrst. Væntanl. hafið þér sent Davíð Ólafssin á Efri-Steins mýri ársbækurnar, og almanökkin og Dýravinin allan, sem hann er búinn að biðja um og borga fyrir lengu samkv. kvittun dags. 10. okt 1917 frá E. Briem. ef ekki þá leifi ég mer að minne yður á það hér með.

Hvernig er með Andvara? ekki árganga fást þeir ekki? eða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvað mundi fást mikil afslátt
ur ef maður keifti alla árgangana
sem til eru vildi þér láta
mig vita um þetta.
Eg treisti iður til að senda
Dina vinnum við fyrsta.
6—13. hefti.
Virðingarfilst

M. K. Einar Sigurfinnsson
Bóndi Teig
Meðallandi.

Kom 1. febr. 1919.

Innf.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efri Steinsmýri, 31. okt. 1920

Háttvirti herra!

Hjer með ætla jeg að endurnýja, við yður, að jeg fái bækur þær, sem jeg hef fyrir löngu pantað hjá Þjóðvinafjelaginu, og sent vist að mestu leiti borgun fyrir, sem eru: Þjóðvinafje-lagsalmanökin öll frá upphafi og Dýravinur, sem til er og fá-anlegur, og síðasti árg. Andvara.

Jeg sendi þá þegar jeg pant-aði bækurnar 15 krónur og hefir það þá vist verið nærfellt nóg fyrir þær, því þá voru þær ekki uppsettar og ætti jeg því að fá þær með því verði, sem var á þeim þá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í fyrravetur bað jeg mann að áminna um að mjer yrðu sendar þessar bækur, og fjekk hann þá loforð með að þær skyldu sendast þegar burðargjald lækkaði, að vonum, en þær eru ókomnar en.

Er það því alvarleg beiðni mín, þar, sem þetta er svo lengi búið að dragast, að þjer sjáið um að mjer verði sendar umbeðnar bækur nú strax með næsta pósti.

Vanti eitthvað í andvirði þeirra bið jeg yður að gjöra mjer reikning fyrir. Ennfremur er það beiðni mín að fá að gjörast kaupandi (áskrifandi) að ársbókum Þjóðvinafjelagsins í ár, og framvegis.

Það athugist því að mjer eiga að sendast: öll Þjóðv. fjel. almanökin, sem það hefir til sölu (1 eint. af hverju), öll hefti af Dýravininum, sem til eru (1 eint. af hverju) og Andvari fyrir árið 1919, og ennfremur ársbækur fjelagsins í ár.

Virðingarfyllst
Davíð Ólafsson

Utanáskrift:
Davíð Ólafsson
Efri Steinsmýri
Meðallandi
Vestur-Skaftafellssýslu
pr. Vík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Búðardal
26 febr. 1920

Til gjaldkera Þjóðvinafélagsins
Reykjavík.

Sendi yður hérmeð skilagrein fyrir Þjóðvina félagsbókunum 1918 og bið yður að afsaka dráttinn, minnir ég hefði sent yður skilagrein ásamt öðrum bóksölum 3 jan. f. árs. en rakst á það í haust að ég stóð í vanskilum við yður. Ætlaði þá úr því að í skammdeginu var komið að láta það dankast þar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar til eftir nýjár 1920 að ég gerði skil fyrir vortlau-
legum bókum 1919. en þær hafa aldrei komið,
því líklega ekki þorað að senda þær. Verst að menn eru
alveg í standandi vandræðum með almanök, þau
hafa engin verið hér til sölu, nema þjóðvinafél.
almanakanna. Þér verðið endilega að senda nokkur
stykki með næsta pósti gerir minna til þó hinar
félagsbækurnar komi ekki fyrr en með fyrstu
skipsferð í vor

Virðingarfyllst
Bogi Sigurðsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Akranesi 14 Janúar 1921.

Háttv. hr. bankastjóri Benedikt Sveinsson
Rvík!

Viðurkenni að hafa veitt móttöku 35 Ex. Þjóðvinafél. Almanökum er nú kosta 2 Kr. hefi eg dregið frá venjuleg 20% og sendi yður í peningum andvirðið Kr 56,00

Þarsem þeir mér sendu Þjóðvinafél. Almanök eru nú uppseld, og fleiri spurt um, vildi eg biðja yður gjöra svo vel, og senda mér enn á ný 35 Ex. þó með þeirri athugasemd, að eg mætti senda aptur ef eitthvað gengi af, sem varla er að búast við þarsem sagt er að einföldu Almanökin verði ekki hér á boðstólum sem undanfarið.

Getur eins verið að þessi pöntun hrökkvi ekki til, vil sjá hvað gengur út.

Virðingarfyllst

Böðvar Þorvaldsson

Best væri að fá Almanökin með fyrstu mótorbátsferð sem fellur, væri hagast að eg léti spyrjast fyrir um þau í Landsbankanum
BÞ

Afgr. á ný 35 eint. –
22/1 21 B.Sv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Akranesi 5. Maí 1920.

Herra forseti Þjóðvinafélags Bened. Sveinsson

Reykjavík!

Hæstv. herra!

Þareð mér hefir ekki tekist að selja, af sendum 35 Ex. af Þjóðvinafél. Almanökum yfirstandandi ár nema 21, vegna þess, að komið var fram á árið er þau komu til mín, og nú fyrir löngu hætt eptirspurn á þeim, þá sé eg ráðlegast, að draga ekki lengur að endursenda þau 14 sem enn óseld, lét þau fara nú með póstferðinni til yðar herra forseti; en andvirðið fyrir seldu, að frádregnum 1/5 sölulaunum 6,30 er Kr 25.20 sem eg legg hérinní og óska kvittunar við fyrsta þóknanlegt tækifæri.

Virðingarfyllst

Böðvar Þorvaldsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# SPJALDBRJEF.

**ÍSLAND.**




Herra bóksali Sigurður Kristjánsson

Reykjavík.

Vík, 4. oktober 1920.

Herra bóksali Sigurður Kristjánsson,
Reykjavík.

Jeg hefi verið beðinn um 5 eint. almanök Þj.fj. - ár. 1875-79. —
Ef þau eru til væri gott, að fá þau send með ~~þe~~ næsta árs alm. er þau koma.

Gjörið svo vel og sendið mjer reikn. yfir þjóðvinafj. bækur, er hingað komu fyrir þetta ár. Jeg hefi einhvernveginn glatað reikningnum, og veit því ekki hve mörg eint. komu

Með vinsemd og virðingu
pr. Halldór Jónsson,
Ó. J. Halldórsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stóra Hafi 1. okt. 1920

Hr. fornv. þjóðvinafjel. Benidikt Sveinsson
Reykjavík!

Með því að mjer hefur enn eigi borist Andvari frá þjóðvinafjelaginu, en menn sem fá bækur fjelagsins í gegnum (mig) farnir að spurja mjög eftir honum; þá vil jeg vinsamlega óska að mjer verði send 12 eintök af Andvara með næsta pósti að Ægisíðu.

Með virðingu og vinsemd.

Yðar

Guðm. Þorbjörnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vopnafirði 26 Marz 1921

Hattvirti herra!

Eg hef tekið á móti 97 Almanökum sem send voru með landpóstinum, einn pakkinn hafði losnað í sundur og eitt Almanak glatast úr honum, en svo bjóst eg við að mér yrði sent eitthvað í viðbót með Andvara en það varð ekki en eg var búinn að selja svo mikið af Almanökum að mig vantar handa fáeinum félagsmönnum sem voru lengra í burtu, bjóst við að geta hatt úr því þegar mér yrði send viðbót Nú bið eg yður því að senda mér 13 Almanök svo að það verði þá als 110 sem eg fæ, en mér er mjög áríðandi að þau verði send strax nú með Sterling.

Virðingarfyllst

Gunnl. Sigvaldason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með ávísun, 2 kr., á Landsbankann til greiðslu á tillagi mínu þ. á. til Þjóðvinafélagsins.

Ég leyfi mér að geta þess, að 19. okt. 1918 og 22. nóv. 1919 sendi ég félaginu ávísun á 2.– + 2.– kr. í sama skyni, en hefi ekki orðið var við, að þær hafi verið teknar út. Veit þó ekki hvort báðir hafi komist til skila. Ef ávísanir þær hafa ekki komið fram, vildi ég óska að ég yrði látinn vita það, svo að ég geti þá gert ný skil fyrir tillögunum.

Virðingarfyllst

Guðmundur Helgason

Selfossi 29/10 20.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ. B. STEFÁNSSON

# Reikningur

til Hins ísl. Þjóðvinafélags Reykjavík
frá undirrituðum

| | | | | Meðtekið | Goldið |
|---|---|---|---|---|---|
| 1918 | | | | | |
| Jan 1 | Pr. Bókaleifar frá fyrri: 16 almanök 1917 | .75 | 12.00 | | |
| | 20 " 1918 | 1.00 | 20.00 | | 32 " |
| 1919 | | | | | |
| Jan 20 | " [illegible] árbækur 1918 | 2.00 | 120.00 | | |
| | 100 " almanök 1919 | 1.00 | 100.00 | | 220 " |
| Maí 12 | Pr. Bókaleifar: 36 almanök 1919 | 1.00 | 36.00 | | |
| | 16 " 1917 | .75 | 12.00 | 48 . | |
| | " Sölulaun af árbókinni 1918 | | | | |
| | 10% af Kr. 120.00 | | 12.00 | | |
| | " Sölulaun af almanökum | | | | |
| | 20% af Kr. 84.00 | | 16.80 | 28.80 | |
| | " Póstávísun í dag | | | 175.20 | |
| | | | Kr. | 255 " | 255 " |

S.E.&O.

1919
Maí 12 Pr. Bókaleifar afhentar Gunnlaugi bóksala Sigvaldasyni pr. 48.00 kvittun hérmeð

Vopnafirði 12 maí 1919

Þ. B. Stefánsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vopnafirði 3/7 – '20

Háttvirti herra!

Seint kemur Andvari og Almanakið þettað ár, að vísu sendið þér mér nokkuð af Almanökum í vetur með landpóstinum, en eftir korti sem ég fékk frá yður áttu þau að vera 105, en voru ekki nema 97 hefur einn pakkinn glatast, enda vísar talan til þess því 7 voru í hverjum pakka, en þér skrifuðuð að meira yrði sent með fyrstu ferð, en nú hafa orðið nokkrar skipsferðir, og ekkert komið, þettað er mjög óþægilegt, margir gramir út af því að geta ekki fengið Almanak, og þó þau komi nú einhverntíma, þá er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo lítit á árið að margir kaupa-
els ekki, áskrifendur að Þjóðvina-
félagsbókum, eru sumir dángt í
burtu, nefnilega í norsveitunum hér
og verður líklega komið fram á haust
þegar bækurnar komast til þeirra
og svo en seinna borgun til mín,
það er, í fáum orðum að ein óregla
orsakar aðra, ég skil ekki hvaða
ástæðe hefur getað verið fyrir því
að senda ekki bækurnar, og var
það nokkuð öðruvísi fyrir fáum
árum, þá komu Þjóðvinafélagsbækur
ofinlega haustið fyrir, en nú
verða þær ári á eftir tímanum,
því þær þurfa einmitt afinlega
að vera komnar nokkuð löngu
fyrirfram, svo þær séu komnar
til áskrifenda í ársbyrjun, en
nú má gott heita ef það verður

fyrir árslok, og því með eftirgangs-
munum, það bar fljótt við þegar
Tryggva Gunnarssonar naut ekki
lengur að.
Það er tilgangurinn með þessum línum
að minna á að Þjóðvinafélagsbækur verði
nú sendar með allra fyrstu ferð;
þessi 60 eint. sem ég á að hafa, og
ég óska þess að ársbækur félagsins
fyrir árið 1921 verði ekki alveg
eins mikið á eftir tímanum.

Með virðingu
Gunnl. Sigvaldason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gerfidal 13 jan 1919

Herra
Þjóðvinafjelagsformaður
Benedikt Sveinsson!
Eg vil gerast meðlimur,
„Þjóðvinafjelagsins", og sendi
Tillag fyrir; þetta ár. Kr. 2.00.
Eg Óska leiðbeininga um; hvert
eg má senda, Tillagið framvegis,
ef eigi til yðar. Og þá Adressu til
yðar.

Vyrðingarfylst.
M Albertsson

Utanáskrift til mín er:
Magnús Albertsson
Gerfidal
Nauteyrarhrepp
Ísafjarðarsýslu.

Innf.
Afgr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þjóðvinafélagið

Fylgir bókapakki } Rvík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Ormaldsson
Hesteyri
Sendir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 31

Selfossi 29/10 1920

Sparisjóðsdeild

Kr. 2 aur. –

– Landsbankinn í Reykjavík –

Greiðið gegn tjekk þessum af inneign minni úr bókinni Nr. 1.

til Þjóðvinafjelaginu, Reykjavík,

eða eptir framsali

Krónur tvær ———

———

Guðmundur Helgason

Sp. Nr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 20

Selfossi 22/11. 1919

Sparisjóðsdeild

Kr. 2 aur. –

– Landsbankinn í Reykjavík –

Greiðið gegn tjekk þessum af inneign minni úr bókinni Nr. 1.

til Sjúkrasamlagsins, Reykjavík

eða eptir framsali

Krónur Tvær ———

———

Guðmundur Helgason

Sp. Nr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS BANKI

B. Nr. 69469

Kr. 29.00

Borgarfirði 26 maí 1919.

Íslands banki, Reykjavík,

greiði gegn tjekk-ávísun þessari til

hr. forseta Þjóðvinafjel. B. Sveinssonar eða eptir tilvísun

krónur tuttugu og níu

pr. „hinar sameinuðu íslenzku verzlanir"

Bókað

L. LEVISON JUNR. 32233

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Benedikt Sveinsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aa Nr. 5862

Kr. 12. 32

Ísafirði 7. apríl 1921

Íslands banki, Reykjavík,

greiði gegn tjekk-ávísun þessari

Þjóðvinafjelaginu í Reykjavík eða eptir tilvísun

krónur Tólf 32/100

Jónas Tómasson

Bókf.

ARNOLD BUSCK
KJØBENHAVN
20544

ISLANDS BANKI

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innl. 2,70 kr.

Forseti Þjóðvinafélagsins

herra alþm. Ben. Sveinsson

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Finnur Jónsson

Hr.
bankastjóri Benedikt Sveinsson
Reykjavik
Island

(ávísun)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Króksfjarðarnes.
28. jan. 1921.

Forseti Þjóðvinafélagsins.
Reykjavík.

Hérmeð sendi eg yður, heiðraði herra, árstillög,
5 félagsmanna fyrir árið 1920, á 2 Kr. = 10.00 ÷ 10% = Kr. 9,00
sem og andvirði fyrir selt almanök, í lausasölu
árið 1920, 41 eintak á 1/50 = Kr. 61.50 ÷ 20% innh. laun = Kr. 49,20
Samtals Kr. 58,20
sem hérmeð fylgir í peningum.

Eg verð að tjá yður, að enn hafa mér ekki borist í hendur bækur þær sem fylgja áttu almanakinu 1920 til félagsmanna, og eru félagsmenn óánægðir yfir því, og er það að vonum. Þar sem eg nú sendi árstillögin, þá verð eg að vona að mér verði sendar umræddar bækur með allra fyrsta, sem og þær bækur er eiga að fylgja almanakinu 1921.

Eg mun hafa skrifað yður í sumar og pantað eitthvað af eldri almanökum og 6. eintakið af Þjóðvinafél. bók. Hafið þér ekki fengið nefnt bréf?

Annars verð eg að treysta að eftir komist regla í útgáfu og sendingu Þjóðv. fél. bókanna, því ella segja menn sig úr fél. —

Með mikilli virðingu.
Jón Ólafsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innlagðar krónur 58, 20

2[?]

20

Forseti Sjóð[...] [...]agsins

543

Kfm

Reykjavík

1. 21

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Ólafsson
Kr.fj.-nesi

REYKJAVÍK
-8. II. 21. 18

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bóksali Sigurður Kristjánsson

~~950~~ / Rvík

3/2/60

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fagurhólsmýri 25. jan. 1921.

Herra forseti Þjóðvinafélagsins!

Eg hefi í fyrradag meðtekið 9 eintök af Almanaki félagsins, með pósti. Svo mig vantar 3 eintök, því eg hefi 12 félagsmenn, og Sigurður Kristjánsson bóksali í R.vík hefur greitt tillagið fyrir mína hönd, fyrir síðastl. ár, og getið þér fengið um það upplýsingar hjá honum, ef með þarf.

Vænti eg þess, að þér sendið mér sem fyrst þau 3 eint. Almanaksins 1921, er mig vanta. (því menn eru hér að kalla almanakslausir) og svo Andvara, ef hann á að fylgja Þjvfl. bókum fyrir árið 1920.

Með kærri kveðju virðingarfyllst

Ari Hálfdanarson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bókapöntun
til Þjóðvinafjelagsins
frá Guðmundi Ingimundarsyni í Garði
um Kópasker. Þingeyjarsýslu

1. Þjóðvinafjel. almanök öll frá byrjun, nema f. 1919
2. Um sparsemi
3. Foreldrar og börn
4. Fullorðinsárin.
5. Hversvegna vegna þess (3 hepti)
6. Æfisaga Benjam. Franklins.
7. 10 eint. Almanök f. 1920

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarfirði 26. maið 1919.

Herra forseti B e n e d i k t S v e i n s s o n

R e y k j a v i k .

Jeg sendi yður hjer með ávisun á Islandsbanka Reykjavik að upphæð kr: 29,oo fyrir seldar bækur er jeg meðtók í febrúar s.l. sem hjer segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Selt: | 25 | eint. af almanökum í lausasölu á 1. kr. - 20% | = | kr: 20,oo |
| - | 5. | - til fjelagsmanna af bókum 2. - - 10% | = | - 9,oo |
| | | samtals | | - 29,oo |

Eptir er óselt 10 eintök af almanökum. Kvittun óskast.

Virðingarfylst

Björn Jónsson

P. s. Gjörið svo vel að láta mig vita hvort jeg á að senda yður nú þegar hinar óseldu bækur.

Björn Jónsson
hreppstjóri

Sendar 5 + 25 1919

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Króksfjarðarnes.

15. september 1919

Hr. forseti Þjóðvinafélagsins
Reykjavík.

Eg óska hér með, að þér gjörið svo vel og sjáið um að mér verði sent – ef til er – sem allra fyrst 1 eintak af Þjóðvinafél. bókunum fyrir árið 1918

Með virðingu.
Jón Ólafsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 5/11 1919

# Innborgaðir peningar tilh. Hjúkrunarfél.

~~frá~~

til **Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar**

| | | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|
| Frá | Kristjáni Guðmundssyni, Akureyri | 246 | |
| — | Ben. Kr. Benónýssyni, Patreksfirði | 156 | 60 |
| — | Halldóri Jónssyni, Vík, Mýrdal | 49 | 60 |
| — | Sigurði Sigfússyni, Brúnum u. Eyjaf. (f. 1918) | 40 | |
| — | Pétri bóksala Jóhannssyni, Seyðisf. | 40 | |
| — | Jóni Jónssyni, Reykjavík | 17 | 80 |
| — | Ögm. Kolbeinssyni, Hjálmholti | 9 | |
| — | Mich. alþm. Snorrasyni fyrir 2 árg. 1919 | 4 | |
| — | Ara Hálfdanarsyni, Fagurhólsmýri, fyrir 2 árg. 1918 | 3 | 60 |

5. nóv. 1919.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Peningana til Þjóðvinafjel., sem hjá mjer eru geymdir, samkvæmt framanritaðri skrá, vildi jeg mega greiða til forseta sem allra fyrst, um leið jeg óska kvittunar hans handa hverjum innborganda

Vinsaml.

Sig. Kr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~439~~ 4324

Eyðublað nr. 75

Póstávísun nr. 972, kr. 10.80, til yðar, frá J. Kristjánss
Ís. komin hingað 17/5., er enn óútborguð.

Þér eruð því beðnir að vitja hingað tafarlaust þessara peninga gegn kvittaðri ávísuninni til þess að þeir verði ekki endurborgaðir sendanda.

Pósthúsið ............ 191

REYKJAVÍK 11.VII.20.18

Til

~~herra~~ forseta Þjóðvinafjelags
Ben. Sveinssonar
Skólavörðustíg 11

(1000 — apríl — '16)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2035

Eyðublað nr. 75

Póstávísun nr. 52, kr. 154.20, til yðar, frá Husavík

komin hingað 26/2., er enn óútborguð.

Þér eruð því beðnir að vitja hingað tafarlaust þessara peninga gegn kvittaðri ávísuninni til þess að eir verði ekki endurborgaðir sendanda.

Pósthúsið 191

REYKJAVIK -8 III. 21. 14

Til

~~herra~~ forseta Þjóðvinafjelagsins, Ben. Sv.

Skólav.stíg 11

(1000 — apríl — '16)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hannes B. Stephensen & Co.

Nr. 494

Bíldudal 9. júní 1921

Herra Kaupm. Þórður Bjarnason

Reykjavík greiði gegn þessari ávísun

Þjóðvinafjelaginu, Reykjavík eða eftir tilvísun

Krónur Þrjú hundruð áttatíu og einn 60/100

Kr. 381,60 au.

Hannes B. Stephensen & Co.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur
til fyrv. Bjórvinafélagsforseta B. Sv.

| | |
|---|---|
| Kaffi undir bakur | 4,00 kr. |
| flutningsgjald með skipi | 9,80 |
| | 13,80 |

Dvergasteini 31/8 - 1921.

Björn Þorláksson.

Ofannefnd upphæð 13,80 kr. greiðist til Þorláks sonar míns í Reykjavík

Björn Þorláksson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hb. bls.

# Reikningur

Siglufj. d. 2. Jan 1920

til Hins íslenska Þjóðvinafélags, Rvk

**frá verzlun Helga Hafliðasonar, Siglufirði.**

S. F. 3174.

| 1919 | | Reikningurinn skoðast viðurkendur ef viðskiptum er framhaldið mótmælalaust. Gjalddagar (ef eigi er sjerstaklega umsamið): 31. júlí, 6. október. | Tekið út: Kr. | aur. | Lagt inn: Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Jan | 1. | Pr: Bókaleifa | | | 27 | 00 |
| " | " | " Inneign fyrir seldar bækur 1918 | | | 49 | 00 |
| Febr. | 1 | Av. Póstávísun | 49 | 00 | | |
| des | 31. | " Bókaleifar: 7 eint Andvari 1/8 2/00 ÷ 10% | 13 | 60 | | |
| " | " | " — " — 2 eint. Almanak 1/9 1/00 ÷ 20% | 1 | 50 | | |
| | " | — Seldar bækur á árinu | 11 | 90 | | |
| | | Krónur | 76 | 00 | 76 | 00 |
| 1920 | | | | | | |
| Jan. | 1. | Pr: Bókaleifar | | | 15 | 10 |
| " | | " Inneign f. seldar bækur 1919 | | | 11 | 90 |
| Febr. | 26 | Av. Póstávísun | 11 | 90 | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur